
Til forráðamanna

Kæri forráðamaður!

Hlutverk námsr- og starfsráðgjafa er að vinna með nemendum, forráðamönnum,

kennurum og öðrum sérfræðingum

innan og utan skólans að ýmiss

konar velferðarstarfi er snýr að

námi, líðan og framtíðaráformum

nemenda. Allir nemendur og

forráðamenn þeirra eiga kost á að

*nýta sér þjónustu námsr og starfs-
ráðgjafa.*

Þeir geta komið að eigin frumkvæði

eða verið vísað af starfsmönnum

skólans.

Teljir þú að barnið þitt eða þú

þurfir á viðtali að halda skaltu hafa

samband við náms- og starfsráðgjafa og

óska eftir viðtali.

Þuríður Hallgrímsdóttir

Náms- og starfsráðgjafi

**Náms- og starfsráðgjafi Síðuskóla er
Þuríður Anna Hallgrímsdóttir.**

**Skrifstofa náms- og starfsráðgjafa er
tengigangi milli A og B álmu.**

**Náms- og starfsráðgjafi er við alla
virka daga. Hægt er að hafa samband
í tölvupósti á netfangið
thuriduranna@akmennt.is eða í síma
4622588.**

Munum að:

**Allir eru góðir í
einhverju.**

Enginn getur allt.

NÁMS- OG STARFSRÁÐGJÖF í Síðuskóla



**Allir nemendur og forráðamenn
þeirra eru velkomnir til náms- og
starfsráðgjafa**

Náms- og starfsráðgjöf er fyrir
alla nemendur !

Lögð er áhersla á að

ráðgjafinn standi öllum

nemendum til boða. Ekki

þarf að vera sérstakt

vandamál eða vanlíðan hjá

nemendum til að þeir geti

komið í viðtal. Náms- starfsráðgjafi

getur einnig boðað nemendur

til viðtals án þess að vandi

sé fyrir hendi.

Trúnaður:

Náms- og starfsráðgjafinn er
bundinn þagnarskyldu varðandi
allar þær upplýsingar sem hann
fær um mál einstakra nemenda
eða nemendahópa.

Helstu verkefni náms- og starfs- ráðgjafans:

- ◆ Veitir ráðgjöf varðandi námstækni og vinnubrögð í námi.
- ◆ Veitir nemendum ráðgjöf í einkamálum þannig að þeir eigi auðveldara með að ná settum markmiðum í námi sínu.
- ◆ Veitir nemendum ráðgjöf um náms- og starfsval og fræðslu um nám, störf og atvinnulíf.
- ◆ Stendur vörð um velferð nemenda og er trúnaðar- og talsmaður þeirra.
- ◆ Tekur þátt í að skipuleggja náms- og starfsfræðslu í skólunum.
- ◆ Undirbýr nemendur undir flutning milli skóla og/eða skólastiga.
- ◆ Aðstoðar nemendur við að gera sér grein fyrir eigin áhugasviðum og meta hæfileika sína raunsætt miðað við nám og störf.
- ◆ Sinnir fyrirbyggjandi starfi með fræðslu.
- ◆ Hjálpar nemendum við að leita sér aðstoðar innan og utan skólans.

Hvenær get ég leitað til náms- og starfsráðgjafa?

- ◆ Ég á erfitt með að skipuleggja heimanámið og tímann minn.
- ◆ Ég vil gjarnan ræða framtíðardrauma mína við aðra.
- ◆ Ég hef áhuga á mörgu en veit ekki hvert ég á að stefna.
- ◆ Mér líður vel og langar að ræða það við einhvern.
- ◆ Ég er einmana.
- ◆ Foreldrar mínir vilja allt fyrir mig gera en stundum finnst mér þeir ósanngjarnir.
- ◆ Ég finn fyrir leiða og áhugaleysi.
- ◆ Ég hef hugmyndir sem ég þarf að bera undir einhvern sem getur aðstoðað mig.
- ◆ Ég er að flytja og ég finn fyrir kvíða.
- ◆ Hvaða nám er í boði í framhaldsskólum?
- ◆ og svo framvegis...